HAFNARFJÖRÐUR
Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar

Leikskólar

# Skólavogin 2017-2018

- Samantekt á niðurstöðum fyrir leikskóla Hafnarfjarðar -







Hafnarfjörður
2018

© Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar 2018

Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
Sími 585 5800

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is

Forsíðumyndir eru af

## Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins sem er verkfæri í innra mati leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Skólapúlsinn myndar sameiginlegan gagnagrunn á niðurstöðum allra skólanna inn í Skólavogina sem virkar þá sem verkfæri í ytra mati bæjarins. Þetta er annað árið sem svona samantekt er gerð fyrir leikskólana og birt opinberlega í skýrslu og er þetta árið samantekt á niðurstöðum viðhorfakönnunar meðal foreldra barna í leikskólum sem gerð var í mars 2018.

Það er hluti af verkefnum sveitarfélagsins að sinna ytra mati á leikskólum í samræmi við 19. grein laga um leikskóla nr. 90/2008. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni og grunnskólarnir hófu þátttöku.

Skýrslugerðin er hluti af ytra mati bæjarins á leikskólunum og það ræðst af notagildi hennar fyrir hagsmunaðila hvort framhald verður á og þá hvernig hún þróast áfram.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður úr viðhorfahönnun meðal foreldra barna í leikskólum bæjarins í mars 2018. Markmið skýrslunnar er að gefa mynd af viðhorfum foreldra í hverjum leikskóla, þeir geti borið sig saman við aðra leikskóla í Hafnarfirði og séð meðaltal annarra skóla sem eru í Skólavoginni. Ennfremur að fræðsluyfirvöld sjái samanburð við meðaltöl annarra sveitarfélaga á landinu sem eru í Skólavoginni. Listi yfir þátttökuskóla á landinu er að finna á www.skolapulsinn.is. Tilgangurinn er að skólarnir geti nýtt niðurstöður og samanburð til að sjá hvað vel tekst til og finna sér sóknarfæri og umbótaverkefni. Einnig að aðrir hagsmunaaðilar skólastarfsins, s.s. foreldrar og fræðsluyfirvöld, fái yfirsýn yfir stöðuna og geti lagt sitt af mörkum lögum samkvæmt til að aðstoða skólanna á grundvelli þessara megindlegu gagna.

Skýrslan er unnin af Erlu Guðjónsdóttur, MA í mati á skólastarfi og fyrrverandi skólastjóra Öldutúnsskóla. Skýrslan er byggð á grunni sem unninn var upphaflega sumarið 2014 af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði sem var þá MPA nemi Háskóla Íslands í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði stjórnunar menntastofnana undir leiðsögn þróunarfulltrúa grunnskóla. Skýrslan er á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur samantekt og inngangur. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina og þær aðferðafræðilegu forsendur sem þau byggja á. Meginkaflinn er samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum meðal foreldra einstakra leikskóla í Hafnarfirði með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild. Aftan við skýrsluna er viðauki:

- Viðauki 1: Tafla með niðurstöðu hverrar samantektarspurningar einstakra skóla ásamt flokkun út frá meðaltali Skólavogarinnar (grænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Spurningar sem eru í foreldrakönnun fyrir leikskóla í Skólapúlsinum.

# Efnisyfirlit

**Formáli ... 3**

**Samantekt ... 6**

**Inngangur ... 7**

**1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra ... 8**

**2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla ... 8**

2.0 Hafnarfjörður ... 10

2.1 Arnarberg ... 11

2.2 Álfaberg ... 12

2.3 Álfasteinn ... 14

2.4 Bjarkalundur ... 15

2.5 Hlíðarberg ... 16

2.6 Hlíðarendi ... 18

2.7 Hraunvallaskóli, leikskóladeild ... 19

2.8 Hvammur ... 20

2.9 Hörðuvellir ... 21

2.10 Norðurberg ... 22

2.11 Smáralundur ... 23

2.12 Stekkjarás ... 24

2.13 Tjarnarás ... 25

2.14 Vesturkot ... 26

2.15 Víðivellir ... 27

**3. Hvað svo? ... 29**

**Viðauki ... 31**

**Viðauki 1: Tafla með samantekt á foreldrakönnun í leikskólum Hafnarfjarðar 2017 - 2018 ... 32**

**Viðauki 2: Foreldrakönnun - útskýringar á spurningum ... 35**

1. DAGLEGT SKÓLASTARF ... 35

1.1. Ánægja með leikskólann ... 35

1.2. Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi ... 35

1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum ... 35

1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild ... 35

1.5. Sérþarfir í mataræði ... 35

1.6. Hollt mataræði ... 35

2. NÁMSUMHVERFI ... 36

2.1. Vinnubrögð ... 36

2.2. Aðstaða ..... 36
2.3. Félagsleg samskipti ..... 36
2.4. Þátttaka án aðgreiningar ..... 37
3. SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA ..... 37
3.1. Upplýsingamiðlun ..... 37
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans ..... 37
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans ..... 37
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu ..... 37
3.5. Tímasetning viðburða ..... 37
3.6. Heimasíða leikskólans ..... 37
4. UPPHAF OG LOK LEIKSKÓLAGÖNGU ..... 38
4.1. Leikskólabyrjun ..... 38
4.2. Flutningur milli skólastiga ..... 38
4.3. Flutningur milli deilda ..... 38
5. SÉRSTAKUR STUÐNINGUR OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA ..... 38
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings ..... 38
5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu ..... 38

## Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnun sem lögð var fyrir foreldra barna í leikskólum Hafnarfjarðar í mars 2018. Könnunin er stafræn og send öllum foreldrum barna sem eru í leikskólunum samvkæmt kerfi sem fyrirtækið Vísar heldur úti og selur skólum (Skólapúlsinn) og sveitarfélögum (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum. Það er mat foreldra á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna nema meðaltöl annarra skóla/sveitarfélaga. Viðhorfakannanir eru ein aðferða til að afla upplýsinga en viðhorf endurspegla ekki endilega árangur þótt þau gefi til kynna ákveðin sjónarmið sem mikilvægt er að virða. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega því að í spurningakönnunum felast annmarkar á því að afla upplýsinga um veruleikann, t.d. varðandi það hvernig spurning er skilin af þeim sem svarar. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun þeirra sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að leikskólar Hafnarfjarðar eru í tveimur þáttum meðal 25% sveitarfélaga með hæstu niðurstöður: Bærinn er í þriðja sæti af 17 mögulegum hvað varðar leikskólabyrjun - foreldrar eru ánægðir með aðlögun barna þegar þau byrja í leikskólanum og er meðaltal bæjarins þar vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Bærinn er við meðaltal en þó í fyrsta sæti af 17 mögulegum þegar kemur að viðhorfum foreldra til þess hvernig tekst til hjá skólunum að sinna nemendum án aðgreiningar, þ.e. að skólarnir séu vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum og börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt sem og að réttindi beggja kynja séu virt. Annað er við meðaltal Skólavogarinnar og bærinn ekki í neinum þætti meðal 25% lægstu sveitarfélaganna.

Það er töluverður munur milli skóla á niðurstöðum einstakra spurninga og nauðsynlegt að skoða útkomu hvers skóla til að sjá þennan mun og breytileika.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að niðurstöður Skólavogarinnar gefi tækifæri til sóknar og frekari árangurs. Ábyrgð sveitarfélags, leikskóla/starfsfólks og foreldra þarf að vera sameiginleg svo leikskólarnir nái þeim markmiðum sem eru í sigtinu hverju sinni. Viðhorf hagsmunaaðila til leikskólastarfsins skipta þar miklu máli og skýrslan þjónar þeim tilgangi að vera leiðarvísir um þætti sem eru nauðsynlegir til frekari skoðunar og þróunar.

## Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað „meiri árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni er talið að „mat á skólastarfi“ sé sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Í núverandi lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er ákvæði um að mat á skólastarfinu eigi að vera virkur þáttur í starfi þeirra. Þar er kveðið á í 17. og 18. grein að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum sé að veita hagsmunaðilum upplýsingar um skólastarfið og árangur þess, tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, auka gæði náms og stuðla að endurbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái á þjónustu sem lög kveða á um. Ennfremur að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili, nefnt innra mat.

Skólapúlsinn, með útfærslu á gagnagrunni fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað, íslenskt verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga) og sækir efnivið sinn í erlendar fyrirmyndir. Hafnarfjörður tók ákvörðun um að vera þátttakandi í Skólapúlsinum og Skólavoginni þannig að allir skólar sveitarfélagsins, bæði grunn- og leikskólar geti metið árlega ákveðna þætti í starfi sínu og hafi tækifæri til að bera sig saman við aðra skóla í bænum og landsmeðaltal.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra leikskóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu. Skólavogina getur sveitarfélagið nýtt til að meta eigin stefnu og framkvæmd á leikskólastarfi og gert umbætur sem varða heildina, sem og til að veita einstökum skólum viðeigandi aðstoð við umbætur þar sem þess gerist þörf eins og 19. grein leikskólalaganna greinir á um.

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskólanna í Hafnarfirði og jafnframt veita fræðsluyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um ákveðna þætti leikskólastarfsins í bænum. Skólapúlsinn, sem liður í innra mati leikskóla hentar vel til að fá álit þeirra sem koma að skólastarfinu og mikilvægt er að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram. Þó ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær, hvort heldur sem áfellisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af starfi einstakra skóla. Niðurstöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um gott starf en einnig hvað má gera betur. Á heildina litið er mikilvægt að nýta gögn Skólapúlsins og vaka yfir því hver hagur skólastarfsins er og/eða getur verið af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna. *Hagsmunaaðilar skólastarfsins eru hvattir til að fara yfir alla þætti, bæði þá sem koma vel út og þá sem ekki koma vel út. Greina þá og skilgreina í samvinnu, vinna skipulega að umbótum og hlú markvisst áfram að því sem vel gengur.*

## 1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn, sem er gagnasafn Skólavogarinnar, var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2018 eru 33 leikskólar í 17 sveitarfélögum skráðir í Skólapúlsinn.

Allir foreldrar leikskólabarnanna eru þátttakendur og komast að könnunni með aðgangslykli á heimasíðu Skólapúlsins, www.skolapulsinn.is og svara spurningum sem lúta að skólastarfinu. Spurningarnar eru samdar af starfsfólki Skólapúlsins og hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum.

Spurt er um daglegt leikskólastarf, námsumhverfi barnanna, samskipti leikskólans og foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakan stuðning og sérfræðiþjónustu fyrir börnin. Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. (Sjá sundurgreiningu á spurningum í viðauka 2.)

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru skilgreindar sem megindlegar, það eru spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Skólapúlsinn vill helst að svörun sé yfir 80% til að svör séu marktæk. Í þessari könnun var svarhlutfallið gott, eða 79,6%. Spurningarnar eru viðhorfaspurningar (að undanskildum þremur sem varða mataræði og hvort börn viðkomandi foreldra fái sérfræðiþjónustu) og niðurstöður eru gefnar upp í prósentum. Í viðauka tvö, sést hvernig spurningalistinn er byggður upp og hvernig svör eru dregin saman úr mismunandi fjölda þátta sem geta legið á bak við hverja yfirskrift.

## 2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra leikskóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðið er að setja þær fram með skýrum hætti svo að sá sem les þær fái góða yfirsýn yfir niðurstöðurnar. Teknir eru út nokkrir þættir í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá, bæði þá sem teljast styrkleikar og þá sem gefa möguleika til þróunar. Það er fyrst og fremst verkefni leikskólanna að velja umbótaþætti og fylgja þeim eftir, enda þeir best í stakk búnir til þess. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel, með gagnrýnum huga og að stjórnendur og starfsmenn taki þær alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til umbóta og þróunar ekki síður en þeir sem hafa með skólamál sveitarfélagsins að gera.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar meðaltalsniðurstöður leikskólanna í Hafnarfirði að undanskildum tveimur.[1] Í viðauka 1 eru niðurstöður einstaka skóla birtar í töflu og litamerktar af höfundum skýrslunnar með appelsínugulu, gulu og grænu. Viðmið er landsmeðaltal svara við hverri spurningu á skólaárinu 2017 til 2018. Litirnar eru notaðir til að skýra ákveðnar línur. Græni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2017 til 2018 (+5 prósentustigum). Guli liturinn táknar að skólinn er allt að ± 4,9

[1] Þetta eru leikskólarnir Hjalli og Hamravellir sem eru undanskildir í leikskólakönnuninni.

prósentustigum frá meðaltali Skólavogarinnar. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir (-5 prósentustigum) meðaltali Skólavogarinnar. Tölulegar staðreyndir eru ekki litamerktar, enda ekki viðhorfaþættir sem hægt er að setja upp í samanburð. Í þessari könnun eru það svör við þremur spurningum; 1.5 hvort barn sé á sérfæði, 5.1 hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og 5.2 hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).

Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitið að um jákvæðan þátt sé að ræða og séu niðurstöður vel undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er þessi greining unnin og hægt að halda því fram að slík útlistun sé ekki einhlít. Farið er varlega í að draga ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins og þær ályktanir sem dregnar eru hafi skýrar forsendur í gögnum hans.

## 2.0 Hafnarfjörður

Leikskólar Hafnarfjarðar eru 17 og tveggja til fimm ára börn með lögheimili í bænum eru rúmlega 1500.
Hamravellir og Hjalli eru undanskildir könnuninni þannig að samantektin nær til 15 leikskóla.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu er Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.
Þróunarfulltrúi leikskóla: Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum - meðaltal Hafnarfjarðarbæjar** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =1252<br>og svarhlutfall er 79,6% (997).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Bærinn er 5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (5%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 17 þáttum (95%) og í engum undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Fjallað er um þær í texta ef tilefni er til. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br><br>Tölur bæjarins liggja við meðaltal að undanskildum einum þætti, sem er hlutfall þeirra foreldra sem eru sáttir við aðlögun barnsins við leikskólabyrjun, en þar er bærinn vel yfir meðaltali Skólavogarinnar.<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir þættir teljast við meðaltal og enginn sem sker sig úr.<br>• ***Námsumhverfi***: Allir þættir teljast við meðaltal og enginn sem sker sig úr.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Allir þættir teljast við meðaltal og enginn sem sker sig úr.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Bærinn er vel yfir meðaltali í einum þætti sem lýtur að aðlögun barnanna við upphaf skólagöngunnar (76,3%/71,2%). Annað er við meðaltal.<br>• ***Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:*** Töluverður munur er milli skóla á hlutfalli barna sem njóta sérkennslu og stuðnings - allt frá 6,1% upp í 25%. |

### Samantekt og ábendingar

- Bærinn er í 3. sæti af 17 mögulegum hvað varðar ánægju foreldra með aðlögun við leikskólabyrjun og í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna í þessum þætti.
- Bærinn er í 1. sæti af 17 mögulegum hvað varðar þátttöku barna í skólastarfinu án aðgreiningar og í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna í þessum þætti.
- Ástæða er til að skoða þann mun sem er á milli skóla á fjölda þeirra barna sem njóta sérfræðiþjónustu og sérstaks stuðnings.

## 2.1 Arnarberg



Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði árið 2003. Leikskólinn er fjögurra deilda, með 24 starfsmenn og börnin eru 80.

Leikskólastjóri: Oddfríður Jónsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Kristbjörg Helgadóttir.

<table>
<tr><th></th><th>Samantekt á niðurstöðum</th></tr>
<tr><td>Foreldrakönnun<br><br>N =74<br>og svarhlutfall er 71,6% (53).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum.</td><td>Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í einum þætti (5%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 10 þáttum (56%) og í sjö tilvikum (39%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skóla-vogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<ul><li>Daglegt leikskólastarf: 80,8% foreldra eru ánægðir með leikskólann og 93,5% þeirra segja börnin sín fá hollan mat í skólanum og telst þetta til meðaltals Skólavogarinnar. Mat foreldra á sýnileik stjórnenda í daglegu starfi, ánægju barnsins og hvort fjöldi barna sé hæfilegur á deildum mælist vel undir meðaltali.</li><li>Námsumhverfi: 92,6% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð skólans og er það vel yfir meðaltali sem er 83,8%. Aðrir þættir í þessum flokki eru við meðaltal.</li><li>Samskipti við foreldra: Tengsl við starfsfólk og hvatningu til þátttöku í skólastarfinu meta foreldrar við meðaltal. Upplýsingamiðlun, þekkingu sína á stefnu og námskrá skólans, tímasetningu viðburða og heimasíðu skólans meta foreldrar vel undir meðaltali.</li><li>Upphaf og lok leikskólagöngu: Allir þættir í þessum flokki eru við meðaltal.</li><li>Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta: Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 15,2% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 8,7% (meðaltal er 11,3%).</li></ul></td></tr>
</table>

## 2.2 Álfaberg



Leikskólinn Álfaberg er við Breiðvang og tók til starfa árið 2010. Hann er fimm deilda og þar eru 27 starfsmenn og 85 börn.

Leikskólastjóri: Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Linda Björk Halldórsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =79<br>og svarhlutfall er 67,1% (53).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í níu þáttum (50%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í sjö þáttum (39%) og í tveimur tilvikum (11%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 95,6% foreldra eru ánægðir með sýnileika stjórnenda leikskólans í daglegu starfi og 92,2% þeirra telja hæfilegan fjölda barna á deild og er hvort tveggja vel yfir meðaltali. Mat foreldra á ánægju barnsins og ánægja foreldranna með leikskólann, teljast til meðaltals. Sama á við um mat foreldra á því hvort börnin fái hollan mat í skólanum.<br>• ***Námsumhverfi:*** 91,2% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð og aðstöðu (91,4%) skólans sem er hvort tveggja vel yfir meðaltali. Hlutfall foreldra sem telur að félagsleg samskipti barnanna sé nægilega þjálfuð er vel undir meðaltali.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingamiðlun, tengsl við starfsfólk og tímasetningu viðburða er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun og flutning barnanna milli deilda er vel yfir meðaltali. 50% foreldra eru ánægðir með flutning milli skólastiga sem er vel undir meðaltali. |

| | |
|---|---|
| | • **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 15,1%  (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 7,5% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.3 Álfasteinn



Leikskólinn Álfasteinn tók til starfa 2001. Leikskólinn er fimm deilda, með 25 starfsmenn og 77 börn.

Leikskólastjóri: Inga Líndal Finnbogadóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Jónína Rósa Ragnarsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =61<br>og svarhlutfall er 93,4% (57).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í níu þáttum (50%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í níu þáttum (50%) og í engu tilviki vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir (100%) foreldrar segja að barnið þeirra sé ánægt í skólanum, 93,2% eru ánægðir með sýnileika stjórnenda leikskólans í daglegu starfi og 92,3% telja hæfilegan fjölda barna á deild, – allt vel yfir meðaltali. Hlutfall ánægðra foreldra með leikskólann og mat þeirra á því hvort börnin fái hollan mat í skólanum telst til meðaltals.<br>• ***Námsumhverfi:*** 92,5% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð sem er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með heimasíðu skólans og hversu þeir eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall ánægðra foreldra með leikskólabyrjun, flutning milli skólastiga og deilda er vel yfir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 25% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 10,7% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.4 Bjarkalundur



Leikskólinn Bjarkalundur er í Vallarhverfinu og tók til starfa haustið 2016. Hann er fjögurra deilda með um 30 starfsmenn og 84 börn.

Leikskólastjóri: Thelma Ýr Friðriksdóttir.
Aðstoðarleikskólastjóri: Elísabet Karlsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =68<br>og svarhlutfall er 80,9% (59).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í sjö þáttum (39%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (44%) og í þremur (17%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með leikskólann er vel yfir meðaltali. lutfall þeirra sem telja barnið sitt ánægt í leikskólanum og finnst stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi er vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Námsumhverfi:*** 92,5% foreldra segjast ánægðir með aðstöðu sem er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með heimasíðu skólans er 92,3%, 78,3% með upplýsingamiðlun og 86,8% telja sig þekkja stefnu og námskrá skólans, - allt vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall ánægðra foreldra með leikskólabyrjun, flutning milli skólastiga er vel yfir meðaltali. Hlutfall ánægðra foreldra með flutning á milli deilda er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 23,6% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 8,8% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.5 Hlíðarberg



Leikskólinn Hlíðarberg er í Setbergshverfinu og tók til starfa árið 1993. Hann er fimm deilda með 34 starfsmenn og 105 börn.

Leikskólastjóri: Ólafía Guðmundsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Guðbjörg Ólafsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =84<br>og svarhlutfall er 84,5% (71).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í fimm þáttum (28%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum (61%) og í tveimur tilvikum (11%) vel undir meðaltali í þeim 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 91,0% foreldra eru ánægðir með skólann og 94,2% þeirra telja hæfilegan fjölda barna á deild - hvort tveggja vel yfir meðaltali. Mat foreldra á ánægju barnsins og sýnileika stjórnenda í daglegu starfi teljast til meðaltals. Sama á við um mat foreldra á því hvort börnin fái hollan mat í skólanum.<br>• ***Námsumhverfi:*** 94,9% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð skólans og er það vel yfir meðaltali. Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðstöðuna er vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingamiðlun og heimasíðu skólans er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun og flutning barnanna milli skólastiga er við meðaltal. 83% foreldra eru ánægðir með flutning milli deilda sem er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 20,3% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta |

| | |
|---|---|
| | sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 8,7% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.6 Hlíðarendi



Leikskólinn Hlíðarendi tók til starfa árið 1998, fjögurra deilda með 25 starfsmenn og 84 börn.

Leikskólastjóri: Arný Steindóra Steindórsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Fjóla Kristjánsdóttir.

| | Samantekt á niðurstöðum |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =76<br>og svarhlutfall er 78,9% (60).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í sjö þáttum (41%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í tíu þáttum (56%) og í einu tilviki (5%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 91,1% foreldra eru ánægðir með skólann, 92,7% hversu sýnilegir stjórnendur eru í daglegur starfi og 95% þeirra telja hæfilegan fjölda barna á deild - allt vel yfir meðaltali. Mat foreldra á ánægju barnsins og hvort börnin fái hollan mat í skólanum telst til meðaltals.<br>• ***Námsumhverfi:*** 96,6% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð, 92,3% með aðstöðuna og 95,2% með félagsleg samskipti - allt yfir meðaltali. Allir (100%) telja þátttaka barnanna sé án aðgreiningar.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Allir þættir eru við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun er 80% - vel yfir meðaltali. Ánægja foreldra með flutning barnanna milli deilda er við meðaltal. 20% foreldra eru ánægðir með flutning milli skólastiga sem er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 10,3% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 5,2% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.7 Hraunvallaskóli, leikskóladeild



Leikskólinn í Hraunvallaskóla við Drekavelli tók til starfa árið 2005. Leikskólinn er fjögurra deilda með 95 börn og 25 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Sigrún Kristinsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Guðmundína Hermannsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =85<br>og svarhlutfall er 68,2% (85).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er ekki 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í neinum þætti. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 10 þáttum (56%) og í átta (44%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir þættir eru við meðaltal; 80,0% foreldra eru ánægðir með skólann og 83,6% þeirra telja hæfilegan fjölda barna á deild. 92,5% foreldra tela að börnin fái hollan mat í skólanum.<br>• ***Námsumhverfi:*** 72,2% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð, 67,5% með aðstöðu og 80,0% með félagsleg samskipti og eru þessir þættir vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingamiðlun, tengsl við starfsfólk og hvatningu til að þátttöku í skólastarfinu er við meðaltal. Þekking á stefnu og námskrá, tímasetning viðburða og heimasíða skólans – vel undir meðaltali.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun er 71,4% - við meðaltal. Ánægja foreldra með flutning barnanna milli skólastiga og deilda er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 20,4% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 7,3% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.8 Hvammur



Leikskólinn Hvammur er við Staðarhvamm og tók til starfa 1998 Hann er sex deilda með um 30 starfsmenn og 120 börn.

Leikskólastjóri: Þóra Kristjana Einarsdóttir..

Aðstoðarleikskólastjóri: Auður Sólmundsdóttir

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =103<br>og svarhlutfall er 85,4% (88).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í einum þætti (5%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 14 þáttum (78%) og í þremur (17%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Ánægja foreldra með skólann, mat þeirra á hvort hæfilegur fjölda barna sé á deild, ánægju barnanna í skólanum og hollt mataræði mælist við meðaltal. Hvort foreldrar telji stjórnendur sýnilega í daglegu starfi mælist vel undir meðaltali.<br>• ***Námsumhverfi:*** Allir þættir við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Allir þættir mælast við meðaltal að undanskildum einum; hvatning til þátttöku í skólastarfinu sem mælist vel undir meðaltali.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Allir (100%) eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun sem er vel yfir meðaltali. Ánægja foreldra með flutning barnanna milli skólastiga vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 14,3% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 13,1% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.9 Hörðuvellir



Leikskólinn Hörðuvellir stendur við Lækjarskóla Tjarnarbraut. Hann tók til starfa árið 1935 og er fjögurra deilda leikskóli með 23 starfsmenn og 75 börn.

Leikskólastjóri: Sigþrúður Sigurþórsdóttir.
Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Elín Pétursdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =69<br>og svarhlutfall er 73,9% (51).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í sjö þáttum (39%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í sex þáttum (33%) og í fimm (28%) undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir (100%) segja að barnið þeirra sé ánægt í skólanum, 95,6% segjast ánægð með leikskólann, 89,2% eru ánægðir með sýnileika stjórnenda leikskólans í daglegu starfi og 96% telja hæfilegan fjölda barna á deild, – allt vel yfir meðaltali. Hlutfall foreldra sem telja að börnin fái hollan mat í skólanum telst til meðaltals.<br>• ***Námsumhverfi:*** 89,3% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð er það vel yfir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Tengsl við starfsfólk og tímasetningu viðburða meta foreldrar við meðaltal. Upplýsingamiðlun, þekkingu sína á stefnu og námskrá skólans, hvatningu til þátttöku í skólastarfinu, tímasetningu viðburða og heimasíðu skólans meta foreldrar vel undir meðaltali.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun og flutning barnanna milli skólastiga er vel yfir meðaltali. 84% foreldra eru ánægðir með flutning milli deilda sem er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 6,1% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 2,0% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.10 Norðurberg



Leikskólinn Norðurberg er í norðurbæ Hafnarfjarðar. Hann tók til starfa árið 1982 og er fimm deilda með 32 starfsmenn og 104 börn.

Leikskólastjóri: Anna Sigurborg Harðardóttir.
Aðstoðarleikskólastjóri: Gunnhildur Grímsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =93<br>og svarhlutfall er 86,0% (80).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í fimm þáttum (28%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 11 þáttum (61%) og í tveimur tilvikum (11%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir (100%) foreldra telja að börnin fái hollan mat í skólanum og er það vel yfir meðaltali. Ánægja foreldra með skólann, mat þeirra á ánægju barnsins og hvort þeir telja hæfilegan fjölda barna á deild mælist við meðaltal. Hlutfall foreldra sem telja stjórnendur sýnilega í daglegu starfi mælist vel undir meðaltali.<br>• ***Námsumhverfi:*** 92,9% foreldra segjast ánægðir með aðstöðu og 95,2% með félagsleg samskipti, hvort tveggja vel yfir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem telja sig hafa þekkingu á stefnu og námskrá skólans og telja sig fá hvatningu til þátttöku í leiksskólastarfinu er vel yfir meðaltali. Mat foreldra á uupplýsingamiðlun er vel undir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með flutning barnanna milli skólastiga er vel yfir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 25% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 8,8% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.11 Smáralundur



Smáralundur er við Smárabarð og var Leikskólinn Kató sameinaður honum árið 2013. Leikskólinn er fimm deilda með 53 börn og 20 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Inga Fríða Tryggvadóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Dadda Sigríður Árnadóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =51<br>og svarhlutfall er 70,6% (36).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í sex þáttum (34%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í sex þáttum (33%) og sex vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: Allir (100%) foreldrar telja að börnin fái hollan mat í skólanum og er það vel yfir meðaltali. Hlutfall foreldra sem telja stjórnendur sýnilega í daglegu starfi og hvort þeir telja hæfilegan fjölda barna á deild, mælist einnig vel yfir meðaltali. Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með leikskólann er vel undir meðaltali.<br>• ***Námsumhverfi:*** Allir (100%) foreldrar segjast ánægðir með félagsleg samskipti og þátttöku án aðgreiningar. Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með vinnubrögð og aðstöðu er vel undir meðaltali.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra telja sig fá hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu og ánægja þeirra með heimasíðu skólans er hvort tveggja vel yfir meðaltali. Mat foreldra á upplýsingamiðlun er vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun við leikskólabyrjun er vel yfir meðaltali. Hlutfall ánægðra með flutning á milli skólastiga og deilda er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 11,8% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 5,9% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.12 Stekkjarás



Leikskólinn Stekkjarás við Ásbraut tók til starfa árið 2004. Skólinn er átta deilda, starfsmenn eru 43 og börnin 170.

Leikskólastjóri: Alda Agnes Sveinsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Sverrir Jörstad Sverrisson.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =159<br>og svarhlutfall er 76,1% (121).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í átta þáttum (45%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í níu þáttum (50%) og í einum vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 93,6% foreldra eru ánægðir með leikskólann sem er vel yfir meðaltali. 83,8% telja hæfilegan fjölda barna á deild, – vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Námsumhverfi:*** 91,5% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð og 94,3% með aðstöðu sem er hvort tveggja vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingamiðlun og hversu vel þeir telja sig þekkja til stefnu og námskrár skólans er vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall ánægðra foreldra með leikskólabyrjun, flutning milli skólastiga og deilda er vel yfir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 13,5% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 7,3% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.13 Tjarnarás



Leikskólinn Tjarnarás tók til starfa 2001. Hann er fjögurra deilda með 28 starfsmenn og 80 börn.

Leikskólastjóri: Hjördís Fenger.

Aðstoðarleikskólastjóri: Bryndís Guðlaugsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =73<br>og svarhlutfall er 80,8% (59).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í tveimur þáttum (11%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 12 þáttum (67%) og í fjórum (22%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 90,6% foreldra eru ánægðir með skólann sem er vel yfir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Námsumhverfi:*** 96,8% foreldra eru ánægð með félagsleg samskipti sem er vel yfir meðaltali. Vinnubrögð, aðstaða og þátttaka án aðgreiningar er við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall ánægðra foreldra er við meðaltal í öllum þáttum að undanskildum tveimur; upplýsingamiðlun og heimasíðu sem mælast vel undir meðaltali.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með flutning milli deilda er við meðaltal. Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun og flutning milli skólastiga er vel undir meðaltali.<br>• **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 16,9% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 8,6% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.14 Vesturkot



Vesturkot er á Hvaleyrarholti og var opnaður árið 1994. Hann er fjögurra deilda, starfsmenn eru 26 og börnin eru 84.

Leikskólastjóri: Særún Þorláksdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Jónína Einarsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =67<br>og svarhlutfall er 85,1% (57).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í níu þáttum (50%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (45%) og í einu tilviki (5%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 92,6% foreldra eru ánægðir með skólann, 94,2% hversu sýnilegir stjórnendur eru í daglegur starfi og 94,5% þeirra telja hæfilegan fjölda barna á deild - allt vel yfir meðaltali. Mat foreldra á ánægju barnsins og hvort börnin fái hollan mat í skólanum telst til meðaltals.<br>• ***Námsumhverfi:*** 89,5% foreldra segjast ánægðir með vinnubrögð – vel yfir meðaltali. 83,3% foreldra eru ánægðir með félagsleg samskipti, vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Allir (100%) foreldrar eru ánægðir með tengsl við starfsfólkið. Hlutfall foreldra sem telja sig þekkja stefnu og námskrá skólans, eru ánægðir með upplýsingamiðlun og heimasíðuna er allt vel yfir meðaltali. Annað er við meðaltal.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu***: Hlufall foreldra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun er 88,9% - vel yfir meðaltali. Ánægja foreldra með flutning barnanna milli deilda og skólastiga er við meðaltal.<br>• ***Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:*** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 17,0% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 5,8% (meðaltal er 11,3%). |

## 2.15 Víðivellir



Starfsemi Víðivalla hófst árið 1977. Frá upphafi hafa verið ung börn í leikskólanum og eru yngstu börnin sex mánaða gömul. Starfsmenn eru 48 og börnin 126.

Leikskólastjóri: Hulda S. Hauksdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri: Arnrún Einarsdóttir.

| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Foreldrakönnun**<br><br>N =110<br>og svarhlutfall er 85,5% (94).<br><br>Könnunin var gerð í 76 leikskólum í 17 sveitarfélögum. | Skólinn er 5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í einum þætti (5%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í níu þáttum (50%) og í átta (45%) vel undir meðaltali af 18 þáttum/spurningum Skólavogarinnar um viðhorf. Alls eru spurningarnar 21 og flokkaðar í eftirfarandi fimm yfirflokka. Af þessum 21 eru þrjár í samantektartöflu í viðauka, sem ekki eru teknar með í samanburð vegna þess að svör við þeim eru hreinar tölulegar upplýsingar. Þessar spurningar eru um hvort barn sé á sérfæði, hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun).<br>• ***Daglegt leikskólastarf***: 95% foreldra telja að börn sín séu ánægð í skólanum og 93,9% þeirra segja börnin sín fá hollan mat í skólanum og telst þetta til meðaltals Skólavogarinnar. Mat foreldra á sýnileik stjórnenda í daglegu starfi, og ánægju með skólann mælist vel undir meðaltali.<br>• ***Námsumhverfi:*** Hlutfall ánægðra foreldra með vinnubrögð, aðstöðu og þátttöku án aðgreiningar er við meðaltal. Hlutfall foreldra sem segjast ánægðir með félagsleg samskipti er vel undir meðaltali<br>• ***Samskipti við foreldra:*** Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með heimasíðu skólans er vel yfir meðaltali. Tengsl við starfsfólk og tímasetningu viðburða meta foreldrar við meðaltal. Upplýsingamiðlun, þekkingu sína á stefnu og námskrá skólans, hvatningu til þátttöku í skólastarfinu meta foreldrar vel undir meðaltali.<br>• ***Upphaf og lok leikskólagöngu:*** Hlufall foreldra sem eru ánægðir með flutning milli deilda er við meðaltal. Hlutfall þeirra sem eru ánægðir með aðlögun í leikskólabyrjun og flutning barnanna milli skólastiga er vel undir meðaltali. |

| | |
|---|---|
| | • **Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:** Hlutfall barna í sérkennslu og stuðningi er 19,8% (meðaltal er 15,9%) og hlutfall barna sem njóta sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) er 11,1% (meðaltal er 11,3%). |

## 3. Hvað svo?

Það er ekki einhlítt hvernig leggja skuli mat á niðurstöður viðhorfakannana og alltaf vandi fólginn í því að draga fram raunhæft mat á grundvelli afmarkaðra gagna því þau eru í sjálfu sér ekki veruleikinn, heldur aðeins svör við afmörkuðum og lokuðum spurningum sem eru skildar á persónulegan hátt og af takmörkuðum fjölda svarenda hverju sinni. Framsetning og úrvinnsla Skólavogarinnar á þó að tryggja að niðurstöðurnar verði sem marktækastar, þ.e. úrtakið endurspegli þýðið í heild sinni að því tilskildu að svarhlutfall sé hátt. Skólavogin er áreiðanlegasta matstækið sem við höfum nú til að mæla og meta viðhorf hagsmunaðila sem koma að skólastarfinu og fá raunhæfan samanburð (hinir skólarnir í Skólavoginni).

Framangreind samantekt á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir hafnfirska leikskóla og bæjarfélagið í heild sinni markast af framsetningunni. Í framhaldinu mun koma í ljós hvort þessi framsetning færir einstaka leikskólum og sveitarfélaginu upplýsingar sem nýtast til að fylgja eftir áherslum í skólastarfinu og stuðla að skólaþróun. Gögnin í Skólapúlsinum eru talin geta gefið vísbendingar um viðfangsefni og verkefni sem þörf er á að sinna núna til að efla skólastarfið og vinna að frekari skólaþróun í leikskólum Hafnarfjarðar.

Skólavogin, sem samantekt upplýsinga úr Skólapúlsinum, er útbúin sem verkfæri fyrir sveitar-félög til að fá raunhæf gögn um starfsemi sinna skóla. Markmiðið er að fá upplýsingar sem geti nýst til að meta starfsemi einstakra skóla og taka ákvarðanir til úrbóta á grunni trúverðugra gagna. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla gerð og er hún bæði hluti af ytra mati (sveitarfélags) og innra mati (leikskóla). Skólavogsskýrslan 2017-2018 fyrir leikskóla Hafnarfjarðar færir bæði sveitarfélaginu og einstaka skólum verkefni eins og að framan er greint og í kjölfarið tekur við umbótatími sem er eitt skólaár hið minnsta en einstök umbótaverkefni geta verið til fleiri ára. Það er Skólaskrifstofunnar að fylgja þeim eftir.

Þetta er í annað skipti sem samantekt er gerð á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir leikskóla Hafnarfjarðar. Þegar búið er að vinna samtantektir oftar en einu sinni fæst samanburður – og þess heldur því oftar sem rannsókn fer fram á sama hátt. Slíkt gefur möguleika á samanburði milli ára. Það færir skólum og sveitarfélögum tækifæri til að sjá hvort breytingar í niðurstöðum milli ára gefi framfarir til kynna á þeim þáttum sem talið var æskilegt að sinna í umbótaferli. Að því leyti skiptir máli að halda föstum verkferlum í gangi líkt og árlegri þátttöku í Skólapúlsinum og umbótaverkefnum í kjölfarið.

Meginatriði í framhaldi niðurstaðna Skólapúlsins/-vogarinnar og skýrslugerðarinnar eru:

1. Hver skóli gerir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sem hluti starfsáætlunar skólans. Sömuleiðis er það sveitarfélagsins að meta þörf fyrir frekari bjargir til skólastarfsins í heild sinni, þ.e. aðstæður sem eru sameiginlegar fyrir alla grunnskóla bækjarins
2. Fræðslusvið skoðar niðurstöður Skólapúlsins og leggur til sínar áherslur í mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun skólans (þessi skýrsla færir þær niðurstöður auk þess sem skólinn hafði áður fengið sjálfur um sig í Skólapúlsinum). Frekari umræða við einstaka skóla er síðan skoðaður.
3. Hver skóli yfirfer/endurskoðar eigin mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunar-áætlun (stefna, staða og væntanlegar aðgerðir) í ljósi þessarar skýrslu eins og þörf er á.
4. Skóli kynnir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sína (starfsfólk, skólaráð, starfsáætlun/skólavefur).
5. Skóli vinnur að umbótaverkefnum yfir skólaárið.
6. Mælingar Skólapúlsins eru endurteknar að ári og staða metin á ný, þ.e. árangur umbótaverkefna með sérstöku tilliti til fyrri niðurstaðna Skólapúlsins.
7. Fræðslusvið fylgir eftir umbótaverkefnum og árangri þeirra í einstaka skólum.

# Viðauki

## Viðauki 1: Tafla með samantekt á foreldrakönnun í leikskólum Hafnarfjarðar 2017 - 2018

| | Arnarberg | Álfaberg | Álfasteinn | Bjarkalundur | Hlíðarberg | Hlíðarendi | Hraunvallaskóli | Hvammur | Hörðuvellir | Norðurberg | Smáralundur | Stekkjarás | Tjarnarás | Vesturkot | Víðivellir | Hafnarfjörður | Skólavogin (Landið allt) | Sæti af 17 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svarhlutfall (%) | **71,6** | **67,1** | **93,4** | **80,9** | **84,5** | **78,9** | **68,2** | **85,4** | **73,8** | **86,0** | **70,6** | **76,1** | **80,8** | **85,1** | **85,1** | **79,6** | **-** | **-** |
| **1. Daglegt leikskólastarf** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1.1. Ánægja með leikskólann | 80,8 | 88,0 | 85,7 | 92,7 | 91,0 | 91,1 | 80,0 | 81,0 | 95,6 | 83,6 | 76,5 | 93,6 | 90,6 | 92,6 | 75,9 | 86,5 | 83,1 | 6 |
| 1.2. Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi | 75,9 | 95,6 | 93,2 | 78,3 | 84,5 | 92,7 | 86,0 | 65,6 | 89,2 | 78,6 | 96,6 | 81,7 | 85,1 | 94,2 | 69,6 | 82,7 | 83,6 | 10 |
| 1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum | 89,4 | 93,8 | 100 | 88,0 | 98,5 | 98,1 | 92,0 | 94,0 | 100 | 94,7 | 96,7 | 97,8 | 96,1 | 98,0 | 95,0 | 95,4 | 95,3 | 9 |
| 1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild | 79,6 | 92,2 | 92,3 | 87,0 | 94,2 | 95,0 | 83,6 | 87,2 | 96,0 | 91,9 | 94,3 | 83,8 | 89,7 | 94,5 | 85,1 | 89,2 | 87,1 | 9 |
| 1.5. Sérþarfir í mataræði | 10,9 | 18,9 | 16,1 | 25,0 | 13,4 | 19,0 | 13,0 | 13,1 | 10,2 | 14,0 | 14,7 | 11,8 | 10,3 | 7,8 | 13,3 | 14,0 | 11,3 | 1 |
| 1.6 Hollt mataræði í leikskólanum | 93,5 | 96,2 | 96,3 | 92,7 | 92,4 | 96,6 | 92,5 | 94,0 | 97,9 | 100 | 100 | 94,5 | 96,4 | 98,1 | 93,9 | 95,7 | 94,4 | 7 |
| **2. Námsumhverfi** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2.1. Vinnubrögð | 92,6 | 91,2 | 92,5 | 88,1 | 94,9 | 96,6 | 72,2 | 87,3 | 89,3 | 88,0 | 66,7 | 91,5 | 84,4 | 89,5 | 80,0 | 87,4 | 83,8 | 5 |
| 2.2. Aðstaða | 84,4 | 91,4 | 88,1 | 97,5 | 76,9 | 92,3 | 67,5 | 84,4 | 83,9 | 92,9 | 75,0 | 94,3 | 86,8 | 85,4 | 83,6 | 86,7 | 85,4 | 6 |
| 2.3. Félagsleg samskipti | 90,0 | 83,9 | 88,2 | 90,3 | 89,5 | 95,2 | 80,0 | 93,5 | 89,5 | 95,2 | 100, | 93,6 | 96,8 | 83,3 | 83,8 | 90,5 | 89,4 | 7 |
| 2.4.Þátttaka án aðgreiningar | 97,6 | 97,6 | 100 | 97,5 | 100 | 100 | 97,2 | 97,9 | 100 | 97,6 | 100 | 100 | 100, | 95,1 | 98,4 | 98,6 | 97,5 | 1 |

| | Arnarberg | Álfaberg | Álfasteinn | Bjarkalundur | Hlíðarberg | Hlíðarendi | Hraunvallask | Hvammur | Hörðuvellir | Norðurberg | Smáralundur | Stekkjarás | Tjarnarás | Vesturkot | Víðivellir | Hafnarfj. | Skólavogin (landið allt) | Sæti af 17 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **3. Samskipti við foreldra** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 3.1. Upplýsingamiðlun | 61,1 | 78,7 | 70,2 | 78,3 | 74,6 | 68,1 | 73,9 | 67,2 | 48,9 | 63,6 | 62,1 | 79,1 | 60,0 | 83,7 | 57,9 | 68,7 | 69,2 | 10 |
| 3.2 Þekking á stefnu og námskrá skólans | 66,0 | 84,6 | 83,3 | 86,8 | 84,1 | 82,8 | 68,5 | 78,2 | 60,3 | 93,3 | 79,4 | 86,2 | 80,0 | 87,5 | 65,6 | 80,4 | 81,1 | 8 |
| 3.3 Tengsl við starfsfólk skólans | 93,5 | 100 | 96,4 | 98,2 | 95,6 | 98,2 | 92,7 | 92,9 | 94,0 | 96,4 | 94,1 | 98,2 | 98,3 | 100 | 89,0 | 95,8 | 93,5 | 5 |
| 3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu | 75,7 | 78,3 | 80,4 | 73,3 | 73,8 | 77,1 | 74,0 | 62,0 | 59,1 | 94,4 | 83,9 | 75,5 | 79,6 | 78,7 | 52,6 | 75,1 | 75,4 | 12 |
| 3.5. Tímasetning viðburða | 82,2 | 96,0 | 92,3 | 88,9 | 83,8 | 89,1 | 73,6 | 87,8 | 91,8 | 88,9 | 87,5 | 93,1 | 93,1 | 90,4 | 92,2 | 88,9 | 88,2 | 5 |
| 3.6. Heimasíða skólans | 80,6 | 85,4 | 98,1 | 92,3 | 92,6 | 85,7 | 76,2 | 84,3 | 65,5 | 88,4 | 96,8 | 89,2 | 78,4 | 93,6 | 96,6 | 87,1 | 86,6 | 11 |
| **4. Upphaf og lok leikskólagöngu** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.1 Leikskólabyrjun | 75,0 | 81,2 | 76,9 | 83,3 | 70,6 | 80,0 | 71,4 | 100 | 81,8 | 71,4 | 77,8 | 82,1 | 45,5 | 88,9 | 60,0 | 76,3 | 71,2 | 3 |
| 4.2 Flutningur milli skólastiga | 70,0 | 50,0 | 72,7 | 85,7 | 61,5 | 20,0 | 57,1 | 61,9 | 100 | 84,6 | 50,0 | 80,0 | 50,0 | 66,7 | 44,4 | 65,6 | 67,4 | 10/16 |
| 4.3 Flutningur milli deilda | 87,5 | 96,9 | 97,2 | 82,6 | 83,0 | 92,0 | 81,5 | 90,3 | 84,0 | 94,9 | 83,3 | 100 | 92,6 | 86,1 | 87,8 | 90,4 | 89,8 | 7 |
| **5. Sérstakur stuðningur og séfræðiþjónusta** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5.1 Hlutfall sérkennslu og stuðnings | 15,2 | 15,1 | 25,0 | 23,6 | 20,3 | 10,3 | 20,4 | 14,3 | 6,1 | 25,0 | 11,8 | 13,5 | 16,9 | 17,0 | 19,8 | 17,5 | 15,9 | 6 |
| 5.2 Hlutfall sérfræðiþjónustu | 8,7 | 7,5 | 10,7 | 8,8 | 8,7 | 5,2 | 7,3 | 13,1 | 2,0 | 8,8 | 5,9 | 7,3 | 8,6 | 5,8 | 11,1 | 8,2 | 11,3 | 14 |
| (%) | 5 | 50 | 50 | 39 | 28 | 41 | 0 | 5 | 39 | 28 | 34 | 45 | 11 | 50 | 5 | 5 | | |
| (%) | 56 | 39 | 50 | 44 | 61 | 56 | 56 | 78 | 33 | 61 | 33 | 50 | 67 | 45 | 50 | 95 | | |
| (%) | 39 | 11 | 0 | 17 | 11 | 5 | 44 | 17 | 28 | 11 | 33 | 5 | 22 | 5 | 45 | 0 | | |

Í dálkinum sem nefndur er sæti má sjá hvar í röðinni sveitarfélagið er á meðal þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í könnuninni. **Röðunartölur eru grænar ef að sveitarfélagið er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna á viðkomandi þætti.** Rauðar röðunartölur merkja að sveitarfélagið sé í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna á viðkomandi matsþætti.

Þættir sem varða beinar tölulegar upplýsingar eru ekki litaðir.

# Viðauki 2: Foreldrakönnun -  útskýringar á spurningum

## 1. DAGLEGT SKÓLASTARF

### 1.1. Ánægja með leikskólann

Foreldrar eru spurðir um ánægju þeirra með sex ólíka þætti í leikskólastarfinu.

- Líðan barnsins.
- Samskipti starfsfólks við barnið.
- Samskipti starfsfólks við mig.
- Dagleg viðfangsefni barnsins.
- Húsnæði og aðstöðu.
- Starfshætti sem notaðir eru.

Reiknað er hlutfall foreldra sem eru ánægðir með alla sex þættina. Einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 1.2. Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi

Foreldrar eru spurðir tveggja spurninga um sýnileika stjórnenda leikskólans.

- Leikskólastjóri leggur sig fram við að vera sýnilegur í daglegu starfi.
- Aðstoðarleikskólastjóri leggur sig fram við að vera sýnilegur í daglegu starfi.

Reiknað er hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög sammála því að stjórnendur leggi sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi.

### 1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum

Foreldrar eru spurðir hvort þeir séu sammála því að barninu líði vel í skólanum, út frá fjórum þáttum.

- Barninu mínu líkar almennt vel í samverustundum.
- Barninu mínu líkar almennt vel í frjálsum leik.
- Barninu mínu líkar almennt vel í hópastarfi.
- Barninu mínu líkar almennt vel í útivist.

Reiknað er hlutfall foreldra sem eru ánægðir með alla þættina. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild

Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki fjöldi barna á deild hæfilegur, of mikill eða of lítill í leikskólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja fjölda á deild vera hæfilegan.

### 1.5. Sérþarfir í mataræði

Foreldrar eru spurðir hvort barnið þeirra er með sérþarfir í mataræði. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara spurningunni játandi.

### 1.6. Hollt mataræði

Foreldrar eru spurðir hvort þeir telji barnið fá hollan og góðan mat í leikskólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara spurningunni játandi.

## 2. NÁMSUMHVERFI

### 2.1. Vinnubrögð

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til sjö jákvæðra staðhæfinga um vinnubrögð starfsfólks í leikskólanum í starfi með barninu.

- Barnið mitt fær þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið.
- Barnið mitt fær stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa.
- Barnið mitt er hvatt til sjálfstæðis.
- Á deildinni eru notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna.
- Flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt.
- Barninu mínu er mætt á sanngjarnan hátt.
- Barnið mitt fær þá umhyggju og líkamlegu umönnun sem það þarfnast

Reiknað er hlutfall foreldra sem telja allar staðhæfingarnar eiga við um leikskólann. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 2.2. Aðstaða

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til sjö jákvæðra staðhæfinga um aðstöðuna í leikskólanum.

- Námsumhverfi barnsins míns tekur mið af áhuga og reynslu þess.
- Barnið mitt hefur aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum.
- Námsumhverfi barnsins míns úti og inni er öruggt.
- Barnið mitt hefur næg tækifæri til að leika sér.
- Námsumhverfi barnsins míns hvetur til rannsókna, sköpunar og tilrauna.
- Barnið mitt fær næg tækifæri til hreyfingar og leikja.
- Barnið mitt fær tækifæri til að njóta náttúrunnar með margvíslegum hætti (t.d. gönguferðir og útivist ýmiss konar).

Reiknað er hlutfall foreldra sem segjast sammála eða mjög sammála öllum staðhæfingunum. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 2.3. Félagsleg samskipti

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til sjö jákvæðra staðhæfinga um þjálfun félagslegra samskipta í leikskólanum.

- Barnið mitt lærir að bera virðingu fyrir sér og öðrum.
- Barnið mitt fær leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum.
- Barnið mitt fær næg tækifæri til að efla félagsfærni sína.
- Barnið mitt á vini í leikskólanum.
- Barnið mitt lærir tillitsemi við aðra.
- Barnið mitt fær tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í leik.
- Barnið mitt kynnist bakgrunni og menningu allra barnanna á deildinni

Reiknað er hlutfall foreldra sem segjast sammála eða mjög sammála öllum staðhæfingunum. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 2.4. Þátttaka án aðgreiningar

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til þriggja jákvæðra staðhæfinga sem fjalla um þátttöku barna í starfinu í leikskólanum án aðgreiningar.

- Ég tel leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum.
- Börnum af ólíkum uppruna og menningu er mætt á sanngjarnan hátt.
- Réttindi beggja kynja eru virt á deildinni

Reiknað er hlutfall foreldra sem telja allar staðhæfingarnar eiga við um leikskólann.

## 3. SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA

### 3.1. Upplýsingamiðlun

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til sjö jákvæðra staðhæfinga um upplýsingamiðlun leikskólans til foreldra.

- Ég hef tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara barnsins míns.
- Ég er vel upplýst(ur) um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni.
- Ég er látin(n) vita af fundum og sérstökum viðburðum.
- Deildarstjóri/leikskólakennari hlustar á skoðanir mínar varðandi nám og þroska barnsins.
- Ég fæ að heyra þegar barninu mínu gengur vel.
- Leikskólakennarar/starfsfólk er áhugasamt og samstarfsfúst þegar þau ræða við mig um barnið mitt.
- Leikskólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsferil og þroska barnsins míns.

Reiknað er hlutfall foreldra sem telja allar staðhæfingarnar eiga við um leikskólann. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans

Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig upplýsta um stefnu leikskólans og námskrá. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig frekar eða mjög upplýsta.

### 3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans

Foreldrar eru spurðir hvort tengsl þeirra við þá sem vinna á deild barns þeirra séu góð eða slæm. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þau mjög eða frekar góð.

### 3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu

Foreldrar eru spurðir hvort þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja svo vera.

### 3.5. Tímasetning viðburða

Foreldrar eru spurðir hvort atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að þeir geti sótt þá. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja svo vera.

### 3.6. Heimasíða leikskólans

Foreldrar eru spurðir hvort upplýsingar á heimasíðu leikskólans séu gagnlegar. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja svo vera.

## 4. UPPHAF OG LOK LEIKSKÓLAGÖNGU

### 4.1. Leikskólabyrjun

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til sex jákvæðra staðhæfinga um upphaf leikskólagöngu barnsins í leikskólanum.

- Sérstakur leikskólakennari/lykilaðili var til staðar fyrir barnið og foreldra í aðlögunarferlinu.
- Tímabilið sem barnið dvaldi eitt í leikskólanum lengdist dag frá degi.
- Barn og foreldrar kynntust leikskólastarfinu saman og foreldrar tóku þátt í því.
- Ég fékk nægilegar upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímanum.
- Ég fékk næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið til leikskólakennara í aðlöguninni.
- Ég er ánægð(ur) með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins

Reiknað er hlutfall foreldra sem telja allar staðhæfingarnar eiga við um aðlögun barns síns í leikskólanum. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 4.2. Flutningur milli skólastiga

Foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til þriggja jákvæðra staðhæfinga um aðlögunarferli í leikskólanum.

- Í leikskólanum er lögð áhersla á samstarf við grunnskólastigið.
- Ég fæ að vera virkur þátttakandi í undirbúningi að flutningi milli skólastiga.
- Barnið mitt fær að kynnast starfi grunnskólans á lokaárinu í leikskóla.

Reiknað er hlutfall foreldra sem eru sammála eða mjög sammála öllum staðhæfingunum. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

### 4.3. Flutningur milli deilda

Foreldrar eru spurðir hvort þeir séu sáttir við aðkomu sína að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru sáttir. Athugið að einungis þeir sem svöruðu öllum spurningunum eru teknir með þegar að útkoma matsþátttarins er reiknuð.

## 5. SÉRSTAKUR STUÐNINGUR OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

### 5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings

Reiknað er hlutfall barna í leikskólanum sem fengið hafa sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu.

### 5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu

Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi óskað eftir sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári. Reiknað er hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir slíkri þjónustu og fengið hana.